Fuglavernd

11.febrúar 2026

Efni: Umsögn Fuglaverndar um breytingu á aðal- og deiliskipulagi fyrir Norðurnes á Álftanesi
Mál nr. 22/2026 og 24/2026

Fuglavernd mótmælir harðlega tillögum að breytingum á aðal- og deiliskipulagi fyrir Norðurnes á Álftanesi, þá sérstaklega stækkun og fjölgun á fyrirhuguðum golfvallarsvæðum.

Á Norðurnesi á Álftanesi er að finna gríðarmikið og fjölbreytt fuglalíf allt árið um kring[1]. Svæðið er sérstaklega mikilvægt fyrir margæsir á fartíma vor og haust en einnig fyrir ýmsa aðra andfugla (álftir, gæsir, endur), vaðfugla og máfa1. Þá er strandlengjan, Eyrin, Bessastaðatjörn og svæðin umhverfis hana hluti af alþjóðlega mikilvæga fuglasvæðinu „Álftanes–Skerjafjörður“ sem skilgreint hefur verið af Náttúrufræðistofnun[2]. Er það mat Fuglaverndar að þau áform um golfvallarsvæði og aukna uppbyggingu íbúðabyggðar sem kynnt eru í tillögu að aðal- og deiliskipulagi fyrir Norðurnes muni rýra verulega notagildi svæðisins fyrir fugla og hafa í för með sér tilsvarandi neikvæðum áhrif á það ríkulega fuglalíf sem þar er að finna í dag. Ástæðan er gríðarmikið búsvæðatap sem verður við umbreytingu svæðisins í golfvelli og íbúðabyggð, auk þeirrar óhjákvæmilegu truflunar sem mun hljótast af stóraukinni umferð fólks um svæðið.

Þau golfvallaráform sem finna má í núverandi aðalskipulagi eru ein og sér líkleg til að valda umtalsverðum neikvæðum áhrifum á fuglalífið umhverfis Bessastaðatjörn. Með þessum nýjustu tillögum er þó gengið með enn grófari hætti á mikilvæg búsvæði fugla. Er þar vísað til nýrra golfvallarsvæða austan Eyvindarholts og vestan Jörfavegs, auk stækkunar og færslu svæðanna vestan og norðan Bessastaðatjarnar sem færir golfvöllinn alveg niður að bökkum hennar. Verði af þessari tillögu mun stór hluti af fyrirhuguðum golfvallarsvæðum liggja innan marka mikilvæga fuglasvæðisins „Álftanes–Skerjafjörður“[3], sem er með öllu óviðunandi. Þó fyrirhuguð stækkun hverfisverndarsvæðis og endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn séu vissulega jákvæð skref munu þau með engu móti vega upp á móti þeim búsvæðum sem tapast og þeirri truflun sem fuglalífið verður fyrir gangi

[1] https://www.gardabaer.is/media/byggingar-i-gardabae/Alftanes_skyrsla2014-fuglalif-ny.pdf
[2] https://www.natt.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/alftanes-skerjafjordur
[3] https://vistgerdakort.ni.is/

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

þessi golfvallaráform eftir. Þau þurr- og votlendisbúsvæði sem tapast eru afar mikilvæg fæðuöflunar- og hvíldarsvæði fyrir gæsir, þá sérstaklega margæsir og grágæsir, en einnig mikilvæg varp- og fæðuöflunarsvæði fyrir ýmsar tegundir vaðfugla og andfugla auk hettumáfa1. Þá er fuglalíf á bæði Bessastaðatjörn og Kasthúsatjörn líklegt til að verða fyrir verulegri truflun frá golfvallargestum sökum þess hve nálægt tjörnunum völlurinn mun liggja. Bessastaðatjörn gegnir gríðarmikilvægu hlutverki sem varp- og fellistaður fyrir álftir, grágæsir og ýmsar andategundir (s.s. rauðhöfðaönd, skúfönd, duggönd, æðarfugl og toppönd), auk þess að vera mikilvægur hvíldarstaður margæsa á fartíma1. Kasthúsatjörn er sömuleiðis mikilvæg fyrir andfugla og þar halda gjarnan til sjaldgæfari andategundir líkt og gargendur og skeiðendur1.

Af öllu framangreindu sést að þær tillögur að breytingum á aðal- og deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi sem nú eru til kynningar munu að öllum líkindum hafa í för með sér umfangsmikil neikvæð áhrif á ríkulegt fuglalíf svæðisins. Því vill Fuglavernd eindregið skora á bæjaryfirvöld í Garðabæ að láta af öllum áformum um golfvöll á Norðurnesi og sjá til þess að svæðið verði áfram varðveitt með fuglalíf í huga.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar Fuglaverndar,

Snæþór Aðalsteinsson, stjórnarmaður
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is